

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (strandveiði, aflamark, samstarf, tekjur af veiðigjaldi, tímabundin ákvæði).

Frá 1. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar (LRM, ÓP, HHJ, RM).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Á eftir 4. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skal hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nemi allt að 300 lestum af óslægðum botnfiski á hverju fiskveiðiári, sem gegn greiðslu gjalds er heimilt að ráðstafa til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða skv. 2. tölul. 4. mgr. vegna afla sem er fenginn við frístundaveiðar. Verð á aflaheimildum skal vera 80% af meðalverði í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Þessar heimildir miðast við óslægðan afla og skulu dragast frá þeim heildarafla sem veiða má á hverju tímabili, sbr. 3. gr. Ráðherra kveður nánar á um úthlutun aflaheimilda þessara í reglugerð. Tekjur af aflaheimildum þessum skulu renna í rannsóknarsjóð til að auka verðmæti sjávarfangs.

2. Við 1. gr.

a. A-liður falli brott.

b. Í stað orðsins „tímabil“ í b-lið komi: tímabil; og: tímabils.

3. 2. gr. orðist svo:

Í stað 3. og 4. mgr. 8. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., að frádregnu hlutfalli af magni hverrar tegundar sem skal vera allt að 5,3%. Sama gildir um aflamark samkvæmt lögum nr. 151/1996. Ráðherra skal ákveða hlutfall skv. 1. másl. Við þá ákvörðun skal hann leitast við að hlutfallið sé sem næst í samræmi við að mætt sé magntölum 4. mgr. þegar skipti hafa farið fram skv. 5. mgr.

Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla í hverri tegund skv. 3. mgr. skal varið til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., til línuívilnunar skv. 11. gr. og til strandveiða skv. 6. gr. a.

Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla skv. 3. mgr. í öðrum tegundum en þeim sem úthlutað er skv. 4. mgr. skal skipt í viðkomandi tegundir samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu og/eða samtökum í sjávarútvegi ákveðna framkvæmdaþætti til að tryggja að skipti þessi geti gengið eftir. Jafnframt er heimilt að flytja milli fiskveiðiára aflaheimildir samkvæmt þessu ákvæði.

4. 3. gr. falli brott.

5. Við 4. gr.

a. Á undan a-lið komi nýr stafliður, svohljóðandi: Í stað „2%“ í 2. másl. og lokamálslið 1. mgr. kemur: 1,5%.

b. Í stað orðsins „ákveðið“ í lokamálslið b-liðar komi: ákveðin.

6. 5. gr. orðist svo:
Í stað hlutfallstölunnar „9,5%“ í 2. másl. 4. mgr. 21. gr. laganna kemur: 13,3%.
7. 6. gr. orðist svo:
Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein, 23. gr. a, svohljóðandi:
Tekjur af veiðigjaldi skulu renna í ríkissjóð.
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ráðstafa 15% tekna af veiðigjaldi til sveitarfélaga. Nánari útfærsla á þeirri ráðstöfun skal koma fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012.
8. Við 7. gr.
- a. Á eftir orðunum „2.000 lestir af síld (íslenskri sumargotssíld)“ í 1. másl. 1. mgr. a-liðar komi: og 2.000 lestir af norsk-íslenskri síld.
- b. B-liður falli brott.
- c. C-liður orðist svo:
Á fiskveiðiárinu 2010/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 1.900 lestum af óslægðum þorski og 600 lestum af óslægðum ufsa til strandveiða, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 6. gr. a.
Á fiskveiðiárinu 2011/2012 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 2.000 lestum af óslægðum þorski og 600 lestum af óslægðum ufsa til strandveiða, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 6. gr. a.
Á fiskveiðiárinu 2011/2012 skal allt að 2.500 lestum af þorski og 500 lestum af ufsa, til viðbótar við það aflamagn sem tiltekið er í 1. mgr. 10. gr., ráðstafað til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr.
Aflaheimildum samkvæmt þessu ákvæði skal einungis ráðstafað á fiskveiðiárinu 2011/2012 verði leyfilegur heildaraflí þorsks meiri en 160.000 lestir og ufsa meiri en 50.000 lestir. Aflaheimildir þessar skal draga frá leyfðum heildarafla áður en kemur til skiptingar og frádráttar skv. 3. mgr. 8. gr.
- d. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
c. (X.)
Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna skulu frádráttarliðir samkvæmt þeirri málsgrein eins og þeir voru fyrir gildistöku 3. gr. laga þessara koma til frádráttar að $\frac{2}{3}$ hlutum frá leyfðum heildarafla á fiskveiðiárinu 2011/2012. Skal frádráttarhlutfall skv. 3. mgr. 8. gr. laganna á því fiskveiðiári aðeins koma til frádráttar svo nemi þriðjungi þess. Skal aflamagni samkvæmt þessari málsgrein ráðstafað skv. 3. og 4. mgr. 8. gr. laganna.
Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna skulu frádráttarliðir samkvæmt þeirri málsgrein eins og þeir voru fyrir gildistöku 3. gr. laga þessara koma til frádráttar að $\frac{1}{3}$ hluta frá leyfðum heildarafla á fiskveiðiárinu 2012/2013. Skal frádráttarhlutfall skv. 3. mgr. 8. gr. laganna á því fiskveiðiári aðeins koma til frádráttar svo nemi $\frac{2}{3}$ hlutum þess. Skal aflamagni samkvæmt þessari málsgrein ráðstafað skv. 3. og 4. mgr. 8. gr. laganna.
9. Í stað „1.–6. gr.“ í 8. gr. komi: 2.–6. gr.